

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

„Móðir hvar er barnið þitt?“

Skáldsögur eftir Jodi Picoult skoðaðar út frá jafnrétti kynjanna

Ritgerð til BA prófs í Almennri Bókmenntafræði

Nemandi: Sæunn Þórisdóttir

kt. 300767-4009

Leiðbeinandi: Alda Björk Valdimarsdóttir

Janúar 2017

Ágrip

Rithöfundurinn Jodi Picoult er samtímahöfundur, fædd árið 1966 í Bandaríkjunum. Hún tekst á við siðferðilegar spurningar í verkum sínum þegar veikindi og erfiðleikar mæta persónunum. Mæðurnar í verkunum taka ákvarðanir um það hvað sé rétt og hvað sé rangt út frá hagsmunum barna sinna. Þær eiga það sameiginlegt að þær taka ákvarðanir án þess að hafa samráð við föðurinn og horfa ekki á hagsmuni fjölskyldunnar í heild þegar þær taka afdrifaríkar ákvarðanir sem snerta framtíð allra fjölskyldumeðlima.

Í ritgerðinni eru þrjár af skáldsögum Jodi Picoult: *Á ég að gæta systur minnar*, *Brothætt* og *Reglur hússins*, skoðaðar út frá jafnrétti kynjanna og er femínískum lestri beitt á bækurnar. Allar skáldsögurnar fjalla um fjölskyldur þar sem veikindi barns hafa mikil áhrif á einstakar persónur og fjölskylduna í heild. Jafnvægi daglegs lífs raskast við slík áföll og hlutverk fjölskyldumeðlima breytist. Mæðurnar í bókunum fara í hlutverk verndara veika barnsins og einblína svo á það hlutskipti sitt að þær sjá ekki að annað barn þeirra, fer í hlutverk týnda barnsins á sama tíma.

Týndu börnin í sögunum eru eldri eða yngri systkini sem leiðast út í sjálfsskaðandi hegðun án þess að foreldrarnir taki eftir því. Í öllum bókunum fá þau athygli foreldra og hjálp áður en þau hafa gengið svo langt í sjálfseyðingu að ekki sé aftur snúið. Í tveimur bókanna er það faðirinn sem áttar sig á hegðuninni og tekur af skarið þegar hann hrifsar týnda barnið sitt úr sjálfseyðandi aðstæðum.

Hlutverk feðranna er fyrst og fremst að vera fyrirvinna og því er spurningunni velt upp hvort það sé eingöngu þeirra val eða hvort þeim sé að einhverju leyti áskipað hlutverk af samfélaginu sem þeir búa í og af mæðrum barna sinna. Viðbrögð feðranna í tveimur bókanna gagnvart týnda barninu eru ekki ólík viðbrögðum mæðranna gagnvart veika barninu en staða feðranna er skoðuð sérstaklega.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Höfundurinn Jodi Picoult	5
3. Melódrama	6
4. Jafnrétti.....	7
5. Staða feðra í jafnréttismálum	9
6. Ólíkir reynsluheimar kynjanna.....	13
7. Hinn mildi faðir og hin grimma móðir melódramans.	15
8. Sært stolt karlmannsins.	19
9. Sterka konan.....	21
10. Samantekt.....	24
11. Lokaorð	26
Heimildaskrá.....	27

Inngangur

Allir menn ættu að eiga kost á því að búa við jafnrétti en sú er því miður ekki raunin. Jafnrétti er aðal baráttumál ýmissa minnihlutahópa sem telja sig ekki búa við það í því samfélagi sem þeir tilheyra. Jafnrétti kynjanna hefur verið baráttumál á Íslandi um árabíl, margt hefur áunnist þó að við eigum enn nokkuð í land til að hægt sé að tala um algert jafnrétti kynjanna. Rauðsokkurnar sem stóðu fyrir kvennafrídeginum á Íslandi í október 1975 unnu gott starf og færðu ákveðnar fórnir fyrir kynslóðirnar sem á eftir komu.¹ Jafnréttisbaráttan hefur þróast og tekið þó nokkrum breytingum síðan þá. Meðal annars var Kvinnalístinn stofnaður árið 1983 en listinn var stjórn málaflökkur sem eingöngu hafði konur í framboði til Alþingis á níunda áratugnum. Segja má að síðan hafi ákveðinnar þreytu verið farið að gæta í jafnréttis umræðunni á tuttugustu öldinni en nýtt líf færðist í umræðuna þegar konur og karlar fóru að koma fram undir merkjum femínisma í fjölmiðlum. Jafnréttisbaráttan hefur haldið áfram og á síðustu áratugum hefur kynjafræði verið að ryðja sér til rúms í íslensku samfélagi. Kynjafræðin hefur víkkað út þá sýn sem áður var ráðandi í jafnréttisbaráttunni, með aukinni áherslu á baráttu minnihlutahópa, nægir þar að nefna hópa eins og samkynhneigða og innflytjendur, sem hafa þurft að berjast fyrir jafnrétti. Þegar kynjajafnrétti er skoðuð sérstaklega kemur í ljós að svokölluð ára kynjajafnréttis hefur villt mörgum sýn. Hugtakið er skýrt í grein Gyðu Margrétar á þennan hátt:

„Ára kynjajafnréttis lýsir félagslegu ferli eða fyrirbæri þar sem karlar og konur sannfæra sjálf sig um að jafnrétti ríki þrátt fyrir að raunin sé önnur.... Styðjandi kvenleiki styður við ráðandi karlmennsku og hjálpar þannig til við að viðhalda þeim veruleika sem er fyrir hendi í jafnréttismálum. Mengandi kvenleiki er andstaða styðjandi kvenleika og skorar á ríkjandi viðhorf.“²

Sú baráttuþreyta sem gerði vart við sig hjá konum á tuttugustu öldinni hefur að öllum líkindum átt stóran þátt í því að skapa áru kynjajafnréttis. Enginn vill þurfa að berjast stöðugt fyrir tilverurétti sínum, stöðu sinni eða framtíðaráformum. Þannig hafa margar konur meðvitað eða ómeðvitað farið í hlutverk styðjandi kvenleika til þess að fá frí frá

¹ Guðrún Egilsson, „Vorur þið ekkert hræddar við að verða skotnar?“, *Lesbók Morgunblaðsins*, október 1980, 2.

² Gyða Margrét Pétursdóttir, „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis“, *Félagsfræðingafélag Íslands*, Íslenska þjóðfélagið, 3 (2012), 6 og 15.

baráttunni. Í þessu hlutverki, styðjandi kvenleika, sætta konur sig við ákveðið kynjamisrétti og stuðla þannig að því að viðhalda því. Talað er um styðjandi kvenleika þegar kona styður, með orðum sínum og athöfnum, við ríkjandi ástand þar sem karlmaður er hærra settur eða hefur stöðu yfirvalds á sviði þar sem þau ættu að vera jafningjar. Gott dæmi um þetta er hjónaband og heimili, þar sem einstaklingarnir ættu að vera jafningjar en karlmaðurinn tekur sér stöðu yfirvalds með stuðningi konunnar. Mengandi kvenleiki er það hinsvegar kallað þegar kona ögrar ríkjandi karlmennsku og fer fram á raunverulegt jafnrétti.

Í þessari ritgerð verða fjölskyldumynstur og hlutverk foreldra í þremur skáldsögum Jodi Picoult: *Á ég að gæta systur minnar*, *Brothætt* og *Reglur hússins* skoðuð út frá áru kynjajafnréttis. Gamaldags kynhlutverk eru ríkjandi í fjölskyldunum þegar veikindi barns koma upp en spyrja má hvort hlutverk foreldranna hafi verið önnur áður en veikindin komu upp og hvernig þau hafi þá breytast? Hafa veikindi innan fjölskylda áhrif á jafnrétti kynjanna?

Femínískum lestri verður beitt til hliðsjónar og femínískri gagnrýni en umfram allt verður leitast við að skoða sögurnar út frá jafnrétti.³ Textinn sjálfur hefur áhrif á það hvernig hann er lesinn. Hinsvegar stýrir textinn lestrinum ekki að öllu leyti. Femínískum lestri er beitt hér en taka þarf tillit til fleiri þátta en kyns. Það eru þættir eins og stétt, kynhneigð og kynþáttur sem eru mikilvægir einstaklingum og hafa áhrif á lesandann.⁴

Mæðurnar, í öllum bókunum, eru í sama hlutverki gagnvart veiku barni sínu og heimilinu. Þær láta umönnun veika barnsins hafa forgang fram yfir þarfir annarra barna sinna en það verður til þess að vandmál þróast hjá annars heilbrigðu systkini og í öllum sögunum er að finna systkini sem má kalla *týnda barnið*. Feðurnir í sögunum hafa allir tekið að sér hlutverk fyrirvinnunar og allir fara þeir út af heimilinu á einhverjum tímamarki þó svo að það sé aðeins faðirinn í *Reglum hússins* sem flytur alfarinn. Þeir koma líka allir aftur inn á heimilið, þó að faðirinn í *Reglum hússins* komi aðeins tímabundið inn á heimilið undir sögu lok.

³ Peter Barry, *Beginning Theory*, 2.útg. (Manchester, USA: Manchester University Press, 2002), 134.

⁴ Jackie Byars, *All That Hollywood Allows, Re-Reading Gender in 1950s Melodrama*, 2.útg. (London, UK: Taylor & Francis e-Library, 2005), 24–25.

Höfundurinn Jodi Picoult

Jodi Picoult er bandarísk, fædd árið 1966 og er gift þriggja barna móðir. Hún er afkasta mikill rithöfundur og hefur gefið út tuttugu og þrjár skáldsögur. Bækur hennar hafa verið þýddar og gefnar út á þrjátíu og tveimur tungumálum.⁵ Jodi hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum og annarsstaðar og selt bækur sínar í milljónum eintaka. En hún er ekki bara hæfileikarík rithöfundur því að með nútíma tækni hefur komið aukin krafa á rithöfunda um að kynna sig og verk sín persónulega. Jodi kemur vel fyrir í viðtölum, er persónuleg og nær vel til fólks þegar hún flytur fyrirlestra.⁶ Þetta er stór þáttur í markaðssetningunni og hefur haft áhrif á viðtökur bókanna.

Það er ekki auðvelt að finna annað en jákvæða gagnrýni um höfundinn og verk hennar. Við fyrstu sýn lítur greinin *Does Jodi Picoult Hurt Literature?* sem birtist í Newsweek 2009 vera gagnrýni á höfundinn. Þar er lauslega fjallað um það hvernig bækur hennar eru formúlubækur sem takast á við siðferðilegar spurningar.⁷ Í greininni er einnig rætt hvort lestur léttmetis auki áhuga lesenda á bókum sem kalla mætti betri bókmenntir. Þessari spurningu fylgir svo hugleiðing um hvort það sé yfir höfuð gott fyrir fólk að lesa og hvort það skipti þá máli hvað lesið er.⁸ Tímaritsgreinin getur því varla talist vera gagnrýni á verkum Jodiar en hvetur frekar til lestur á verkum hennar.

Bækur Jodi Picoult má kalla formúlubækur, persónur skipta um nafn en eru keimlíkar og aðstæður þeirra eru heldur ekki ólíkar. Hinsvegar má kannski segja að hún hafi fundið formúlu sem virkar því að bækurnar hafa notið mikilla vinsælda og lesendur bíða ár eftir ár spenntir eftir nýrri bók frá henni. Í næsta kafla verða bækur Jodiar skoðaðar út frá melódrama og því hvort persónurnar í bókunum tilheyri þeimgreinaflokk.

⁵ „Jodi Picoult.com“, Heimasíða, *Jodi Picoult.com*, <http://jodipicoult.com/JodiPicoult.html>.

⁶ Jennie Yabroff, „Does Jodi Picoult Hurt Literature?“, *Newsweek*, nóv 2009, <http://europe.newsweek.com/does-jodi-picoult-hurt-literature-77445?rm=eu>.

⁷ Sama.

⁸ Sama.

Melódrama

Kvikmyndaaðlaganir hafa verið gerðar eftir fimm bókum Jodiar. Eftir bókunum: *The Pact*, *Plain Truth*, *The Tenth Circle* og *Salem Falls* voru gerðar sjónvarpsmyndir og kvikmynd sem sýnd var í bíóhúsum var gerð eftir bókinni, *My Sisters Keeper*.⁹ Færa má rök fyrir því að kvikmyndirnar tilheyri kvennagreininni melódrama sem verða fyrirferðamiklar í fræðilegri greiningu í Bandaríkjunum allt frá 1915. Kvikmyndir sem heyra undir melódrama eru konumyndir og stundum kallaðar vælumyndir. Í upphafi var það ekki markmiðið með greininni að greina einkenni melódrömans á sama hátt og aðrar greinar út frá sögunni sjálfri, efnistöku, sjónarhorni og fleiru sem tengist flokknum heldur var litið á hana sem grein sem tilheyrði klassískum raunsæistexta.¹⁰ Tvær konur, þær Marjorie Rosen og Molly Haskell, hafa báðar skrifað bækur sem komu út árið 1973 um kvikmyndir. Báðar þessar bækur hafa haft mikil áhrif bæði á feminískann lestur og lestur kvikmynda almennt og eru mikilvægur grunnur fyrir þróun feminísks lestars kvikmynda. Á áttunda og níunda áratugnum voru fræðileg skrif um kvikmyndir undir áhrifum af Freudískri sálgreiningu og Marxisma.¹¹ Þessar stefnur höfðu áhrif á viðhorf og orðræðu um bókmenntir og kvikmyndir þessa tíma.

Bækur Rosen og Haskell voru endurprentaðar í áratugi eftir að þær komu fyrst út kenningar þeirra beggja ganga út frá því að kvikmyndir sýni amerískan veruleika og að þær birti einskonar spegilmynd af samfélaginu. Höfundarnir vilja þó báðir meina að Hollywood kvikmyndir birti neikvæða mynd af konum og sýni ákveðna steriótípu sem kvenáhorfendur samsömuðu sig við. Þannig var sú kvenímynd sem dregin var fram í Hollywood myndunum almennt séð talin endurspegla daglegt líf kvenna. Hér gætir ákveðinnar þversagnar þar sem kvikmyndirnar geta ekki sýnt spegilmynd af veruleikanum og dregið upp skekka mynd af konum á sama tíma.

Sögur Jodiar er auðvelt að greina sem melódrama. Þær fjalla um einstaklinga og fjölskyldur sem margir tengja við, fólk sem gæti búið í næsta húsi. Jenny Yabroff segir í grein sinni að bækur Jodiar séu skrifaðar eftir ákveðinni formúlu. Bækurnar fjalla um hversdagslegar persónur í erfiðum og oft óvenjulegum aðstæðum en eru ekki byggðar á sannsögulegum atburðum.¹² Ganga má enn lengra í því að sjá formúlur í bókunum því

⁹ „jodipicoult.com.”

¹⁰ Byars, *All That Hollywood Allows, Re-Reading Gender in 1950s Melodrama*, 9–10.

¹¹ Kathleen Anne McHugh, *American Domesticity, From How-To Manual To Hollywood Mellowdrama* (New York: Oxford University Press, 1999), 4.

¹² Yabroff, „Does Jodi Picoult Hurt Literature?”

að í þeim eru persónurnar keimlíkar. Persónur sem sjá má í öllum bókunum eru: Faðirinn sem flýr erfiðar aðstæður á heimilinu, móðirin sem tekur sér hlutverk píslavottsins, veika barnið og týnda barnið¹³, þetta eru allt steríótýpur sem tilheyra melódramanu.¹⁴

Jafnrétti

Sem kvenrithöfundur á breytingatímum hefur Jodi Picoult tekið þátt í að auka hlut kvenna í umfjöllunum um bókmenntir og ekki alltaf verið vinsæl hjá útgefendum. Sjálf segist hún vera þyrnir í síðu þeirra, þar sem hún beinir sjónum sínum sífellt að jafnrétti kynja og kynþátta. Jodi skrifaði bókina *Á ég að gæta systur minnar* þegar hún fór að velta fyrir sér hvort hún, og foreldrar almennt, elskuðu öll börnin sín jafn mikið. Jodi ætlaði sjálf ekki að gera upp á milli barnanna sinna en þegar eitt þeirra þurfti að gangast undir þrettán aðgerðir á þremur árum vaknaði þessi spurning hjá henni.¹⁵

Jodi Picoult er ötul talskona jafnréttis og nýjasta bók hennar, *Small Great Things*, sem kom út haustið 2016 fjallar um jafnréttisbaráttu svartra í Bandaríkjunum. Þar veltir hún upp spurningum um forréttindi þeirra sem fæðast hvítir og þeim fordómum sem svartir þurfa að mæta.

Kvenréttindi og kvennabaráttu eru orð sem hafa fengið neikvæða merkingu í hugum margra. Óhætt er að segja að þar sem ráðandi karlmennska hefur fengið að dafna með dyggum stuðningi styðjandi kvenleika séu þessi orð merki um uppreisn gegn ríkjandi kerfi. Þar sem ára kynjajafnréttis er ríkjandi er mengandi kvenleiki óþægilegur fyrir bæði kynin. Ástæðan er sú að mengandi kvenleiki ögrar ákveðnum stöðugleika sem er

¹³ Jodi Picoult, *Sáttmálinn*, þýð. Magnea J. Matthíasdóttir (2013). Í þessari skáldsögu eru fjölskyldurnar tvær, nágrannafjölskyldur sem hafa mikinn samgang allt frá því börnin voru enn í móðurkviði. Önnur hjónin eignast dreng en hin stúlku. Þegar börnin eru orðin unglingar verða þau kærustupar. Kærustuparið finnst þar sem þau eru bæði með skotsár á höfði en aðeins pilturinn er til frásagnar þar sem stúlkan deyr af sárum sínum. Foreldrarir eru í sömu hlutverkum og í sögunum sem eru hér til umfjöllunar. Mæðurnar eru báðar í hlutverki verndara og feðurnir láta sig hverfa tímabundið. Týnda barnið er líka til staðar í sögunni, systir Chris, drengsins sem lifir af en hún fær lítið hlutverk og segja má að hlutverk hennar sé undirstrikað þar sem hún týnist í frásögninni.

¹⁴ Barry Keith Grant, ritstj., *The Dread of Difference: Gender and the Horror Film*, 1.útg., Texas Film Studies Series (1996), 153–55. Hér er meðal annars fjallað um á breytingar sem hafa orðið á viðhorfi áhorfenda til foreldra í kvikmyndum. Myndir eins og *Kramer vs. Kramer* sem sýnir umhyggju karlmennsku föðurins náði vinsældum en Jack Nicholson í *The Shining* dregur fram á öfgafullan hátt, neikvæða ímynd af geðveikum föður. *The Shining* olli þannig vonbrigðum þegar hún kom út 1980. Á sama tíma og umhyggjusami faðirinn er að koma fram með þessum hætti er andstæðan dregin upp. Andstæðan er kalda, harða og oft metnaðarfulla móðirin sem í sumum tilfellum reynir að svipta föðurinn réttindum sínum til að umgangasta börnin sín og í öðrum sögum yfirgefur hún börnin og heimilið. Það verður svo til þess að faðirinn reynir að uppfylla hlutverk beggja foreldra.

¹⁵ *Princeton University Class Day 2016 - Jodi Picoult '87. May 30, 2016*, <https://www.youtube.com/watch?v=LR7DJAdkWG&feature=youtu.be>.

ríkjandi innan feðraveldisins, þó svo að ólga geti verið undir yfirborðinu. Það sem kallað er ára kynjajafnréttis felst í því að sannfæring er til staðar um að kynjajafnrétti ríki og að kynjamisrétti hafi verið upprætt. Þar sem ára kynjajafnréttis er ríkjandi er sem sagt sannfæringin sú að konur taki ákvarðanir byggðar á eigin vali. Mæðurnar í bókunum þremur taka sér allar það hlutverk að vera verndari veika barnsins og eru að sumu leyti í hlutverki píslarvotts. Hinsvegar er spurning hvort að um raunverulegt val sé að ræða og hvaða aðra valkosti þær gætu hugsanlega tekið. Ein af forsendum þess að hægt sé að viðhalda ráðandi karlmennsku er að styðjandi kvenleiki sé til staðar. Mengandi kvenleiki er hinsvegar það sem raunverulega stuðlar að jafnrétti þar sem mengandi kvenleiki skora á ríkjandi viðhorf og misrétti.¹⁶

Konur eiga sinn þátt í að viðhalda kynjamisrétti ekki síður en karlar. Ekki einungis með því að gangast undir gamlar hefðir og venjur heldur með því að vera ekki tilbúnar að taka af skarið og brjóta samfélagsnorm sem viðhalda mismunun. Áhugavert er að skoða þetta í ljósi kenninga Foucaults um agavaldið. Samkvæmt þeim kenningum má segja að konur sem hópur séu meðvitaðar um misrétti í þeirra garð en að margar þeirra gangist undir að viðhalda ástandinu lítið breyttu eða óbreyttu. Konur viðhalda þannig sjálfar stöðu sinni og eftirlitinu með því að fara eftir þeim óskráðu reglum sem eru viðurkenndar og samþykktar af samfélaginu. Einnig sjá þær um að hafa eftirlit hver með annarri og leiðréttu hvora aðra ef einhver fylgir ekki hefðum. Ekki er svo að skilja að allar konur séu sínir eigin fangaverðir¹⁷ og annarra allstaðar og á öllum tímum, hér er ekki verið að tala um einstaklinga eða ákveðnar persónur heldur hópinn sem heild¹⁸. Í bókunum þremur eru allar mæðurnar undir eigin eftirliti ef staða þeirra er metin út frá þessum kenningum.

Rannsóknir á sviði félagsvísinda miðuðust aðallega við veruleika karla allt fram til loka sjöunda áratugarins. Hlutverk kvenna var fyrst og fremst innan heimilisins og þá var jafnvel gengið út frá því að móðurhlutverkið tilheyrði eðli kvenna. Betty Friedan, var ötul baráttukona og hvatti hún bandarískar konur til að fara út á vinnumarkaðinn eftir seinni heimsstyrjöldina. Henni snérist svo hugur og þótti orðið nóg komið þegar hún stóð gegn kvenréttindahreyfingum síðar meir. Þá taldi hún baráttu kvenna komna út í öfgar og vildi að konur snéru aftur inn á heimilin þar sem móðurhlutverkið væri æðsta

¹⁶ Gyða Margrét Pétursdóttir, „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis“, 15–16.

¹⁷ Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Garðar Baldvinsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun HÍ, 2005), 138.

¹⁸ Unnur Dís Skaptadóttir, *Ráðstefnurit: Íslenska Söguþingið, 28. - 31. maí 1897. 2.*: ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1998), 227.

hlutverk konunnar.¹⁹ Samfélagsformgerð er einn þeirra þátta sem hefur áhrif á það hvernig einstaklingar upplifa sjálfa sig. Í framhaldi af því að athyglinni var beint að sjónarhorni kvenna og rannsakað hvað þær eiga sameiginlegt. Sú kenning var sett fram að karlar tilheyrðu opinberu sviði en konur einkasviði samfélagsins (heimili og börn).

Opinbera sviðið hafði þá yfirburði að geta skilgreint einkasviðið og þess vegna var það álitid lægra sett eða minna virði en opinbera sviðið. Afleiðingin af þessu var svo sú að þegar konur fengu aukin tækifæri til að taka þátt í hinu opinbera sviði voru viðmið þar karllæg. Þessar útskýringar eru einföldun en engu að síður þjóna þær tilgangi við að útskýra grundvallaratriði varðandi viðfangsefnið; jafnrétti kynja. Kynferði er grunnþáttur í því hvernig við skynjum muninn á körlum og konum og valdamunur er byggður á kyni. Sjálfsmynd er ekki meðfædd hjá einstaklingnum heldur mótast hún með tímanum af umhverfi einstaklingsins. Samskipti við annað fólk og daglegar venjur eru mótandi þættir sem hafa áhrif á það hvernig kyngervi einstaklinga þróast.²⁰

Mæðurnar í bókunum eru allar sterkar konur og feðurnir eru öruggir í karlmennsku sinni. Sjálfsmynd barnanna er samkvæmt þessum kenningum í mótun en veikindin hafa sterk áhrif á þá mótun. Fjölskyldurnar í bókunum þremur eru allar hefðbundnar að því leyti að foreldrarnir eru gagnkynhneigðir og fjölskyldurnar búa við almenn vestræn gildi um hlutverk foreldra og menntun og aðbúnað barna. Hlutverkin sem persónurnar hafa innan fjölskyldanna eru lík á milli sagnanna. Augljóslega er „veika barnið“ í öllum sögunum en „týnda barnið“ er einnig til staðar í þeim öllum. Það eru eldri eða yngri systkini sem fá ekki þá athygli og umönnun sem þau þurfa á að halda frá foreldrum sínum og leiðast út í hegðun sem skaðar þau og jafnvel aðra.

Staða feðra í jafnréttismálum

Í nýlegri rannsókn sem gerð var í Boston háskóla, *New Dad*, kemur fram að konur eru nú 50% af vinnumarkaði í Bandaríkjunum í fyrsta skipti í sögunni. Ástæðan er rakin til efnahagskreppunnar 2008-2010 þar sem samdráttur varð í hefðbundnum karlastörfum. Afleiðingin varð sú að konur, sem voru í meirihluta í umönnunar og þjónustustörfum og héldu frekar störfum sínum en karlar, náðu þessari hlutdeild á vinnumarkaði. Í rannsókninni kemur einnig fram að konur eru nú í ríkari mæli farnar að taka sinn

¹⁹ Suzanna Danuta Walters, *Lives Together/Worlds Apart: Mothers and Daughters in Popular Culture* (Berkeley: University of California Press, 1992), 7–8.

²⁰ Unnur Dís Skaptadóttir, *Ráðstefnurit*, 223–228.

starfsframa fram yfir starfsframa maka síns. Áður fyrr var það undantekning ef kona tók ekki starfsframa eignmannsins fram yfir sinn eigin.²¹

Í rannsókninni er rætt við unga menn sem allir eru menntaðir og eiga menntaðar eiginkonur eða sambýliskonur. Þessi pör eru foreldrar og gengur rannsóknin út á að skoða hlutverk og viðhorf manna gagnvart fjölskyldu og atvinnu. Eingöngu er skoðað sjónarhorn feðranna og er það gert í gegnum samtöl við þá sjálfa. Staðalímyndir kynjanna er algeng ástæða þess að feðurnir í rannsókninni sem geta hugsað sér að vera heimavinnandi eru það ekki. Starfsframi og hlutverkið „aðal fyrirvinna heimilisins“ er stór hluti af sjálfsmynd þeirra. Álit annarra, bæði vina og fjölskyldu, er mörgum hindrun og þeir upplifa að samfélagið telji þá ekki vera að sinna skyldum sínum nema þeir séu aðal fyrirvinna heimilisins. Þegar jafnrétti er skoðað út frá þessu sjónarhorni kemur í ljós að samfélagið viðurkennir aðeins konur sem bæði útivinnandi og heimavinnandi. Karlar hafa ekki hlotið náð eða samþykki ráðandi hópa til að sinna vinnunni sem heimilið krefst.²²

Í niðurstöðum rannsóknarinnar *New Dad* kemur fram að þó svo að stefnt sé að jafnrétti á vinnustöðum þá sé menningin í samfélaginu ekki komin eins langt. Samfélagið gangi út frá því að þegar maður verður faðir hafi það lítil áhrif á starfsframa hans og fjölda vinnustunda utan heimilis. Þetta gerir körlum erfiðara fyrir að taka fullan þátt í fjölskyldulífinu eins og margir viðmælenda rannsóknarinnar komu inn á í viðtölum. Feðurnir, sem tóku þátt í rannsókninni, eru tilbúnir til þess að endur uppgötva föðurhlutverkið og taka virkari þátt í uppeldi barna sinna og heimilisstörfum. Konur hafa fengið ákveðið samþykki frá samfélaginu fyrir því að vera bæði heima- og útivinnandi. Það sem uppá vantar er ekki bara hvatning heldur raunveruleg tækifæri og viðurkenning á því að föðurhlutverkið er ekki síður mikilvægt en móðurhlutverkið.²³ Hlutverk „fyrirvinnunnar“ er einnig höfuð hlutverk feðranna í bókunum og þeir viðast ekki telja sig hafa val um nokkurt annað hlutverk. Mæðurnar gera að sama skapi ráð fyrir að þeir sinni þessu hlutverki sínu og gera ekki tilkall til þess sjálfar. Mjög mikilvægt er að skoða viðhorf og reynslu beggja kynja en lengi vel var reynsluheimur kvenna sniðgenginn að miklu leyti á ýmsum sviðum. Heildarmynd hversdagsleikans getur ekki orðið heildarmynd nema með aðkomu reynsluheims beggja kynja. Þegar reynsluheimur og tilfinningar eins hóps er jaðarsettur eða talinn

²¹ Harrington, B., Deussen, F.V. og Ladge, J. „The New Dad, Exploring Fatherhood within a Career Context“, 4.

²² Sama, 20.

²³ Sama, 28–29.

ómerkilegur grefur það undan skilningi þeirra á mikilvægi þekkingar þeirra fyrir samfélagið. Hinsvegar, þegar sjónarhorn viðkomandi jaðarsetts hóps er notað sem púsl í heildarmyndinni verður breyting á þeirri mynd.²⁴

Jafnrétti kynjanna þarf að stefna að því að kynin haldi ákveðnum séreinkennum en ekki að annað kynið sé viðmið eða markmið sem hitt kynið þurfi að stefna að því að ná. Umhyggju karlmennska felur ekki í sér að karlar eigi að vera líkari konum og sýna umhyggju eins og kona. Markmiðið er hinsvegar að karlar sýni umhyggju sem karlmenn. Orðræða jafnréttis er að þróast og sífellt stærrí hópur karla og kvenna er farin að skilja mikilvægi þess að kynin njóti sama réttis.²⁵ Þessi þróun er jákvæð og stuðlar frekar að virðingu og samvinnu milli kynjanna. Jafnrétti á ekki að vera keppni þar sem ákveðinn hópur fer með sigur af hólmi heldur eiga allir hópar að hljóta ávinning af jafnrétti. Börn eru sá hópur sem er viðkvæmastur í þessu samhengi. Í bókunum þremur er áberandi að þegar feðurnir sýna börnum sínum aukna athygli og umhyggju öðlast þau kjölfestu í eigin lífi sem skorti áður. Þetta kemur skýrast í ljós í samskiptum feðrana við börnin sem hafa hlutverk „týnda barnsins“.

Feðurnir í sögunum: *Á ég að gæta systur minnar* og *Brothætt* grípa báðir inn í aðstæður barna sinna þegar þeir verða þess áskynja að barnið er farið að sýna af sér hættulega og sjálfskaðandi hegðun. Viðbrögð feðranna eru ekki ólík verndara hlutverkinu sem mæðurnar taka sér gagnvart veika barninu. Erfitt er að segja til um hvort þeir grípa tækifærið til að bjarga barninu, þegar móðirin er of upptekin til að taka fram fyrir hendurnar á þeim, eða hvort aðstæður týnda barnsins eru feðrunum viðráðanlegri en veikindin sem engin veit hvernig munu þróast. Hugsanlega er það samspil þessara aðstæðna en hvernig sem á það er litið þá eru feðurnir hér til staðar og sýna börnunum umhyggju.

Michael Kimmel prófessor í kynja- og félagsfræði hefur á undanförunum árum unnið að því að fá karlmenn til þess að tala saman um jafnrétti. Kimmel hefur komið oftast einu sinni til Íslands og tók meðal annars þátt í ráðstefnu um karla og karlmennsku sem haldin var á vegum HÍ árið 2014. Það er hans skoðun að baráttan fyrir kynjajafnrétti sé ekki einkamál kvenna og að allt of oft virðast jafnréttismál vera eins og um keppni milli karla og kvenna sé að ræða. Kimmel heldur því jafnframt fram að jafnrétti sé ekki síður í þágu karla en kvenna þar sem þeir öðlist betra sambandi við börn sín og þegar

²⁴ Melissa Bostrom, *Sex, Race, and Family in Contemporary American Short Stories*, 1.útg. American Literature Readings in the 21st Century (New York, NY: Palgrave Macmillan, 2007), 14–15.

²⁵ Karla Elliott, „Caring Masculinities: Theorizing an Emerging Concept“, *Men and Masculinities*, 19, nr. 3 (2016), 241–42.

foreldrar vinna saman að heimilisstörfum og uppeldi hafa konur meiri tíma og eru almennt ánægðari en ella. Allt þetta skilar sér í auknum lífsgæðum fyrir karlmenn og jafnrétti er því allra hagur.²⁶ Þetta viðhorf er mun heilbrigðara og vænlegra til árangurs en það keppnisviðhorf sem stundum hefur einkennt umræður um jafnrétti kynjanna en í bókum Jodiar, sem hér eru til skoðunar, vinna mæðurnar langan vinnudag og halda áfram að vinna heimilisstörf eftir að vinnudegi föðurins líkur.²⁷

Móðurhlutverkið er ekki órjúfanlegur hluti af því að vera kona en er sameiginlegt hlutverk kvenna úr öllum stéttum á öllum tímum og hvar sem þær eru í heiminum.²⁸ Algengast hefur verið í gegnum aldirnar að móðirin sé aðal umsjónaraðili barns og kemur það sjálfsagt í upphafi til af praktískum ástæðum. Faðirinn hefur það hlutverk að afla fjár, til að sjá fjölskyldunni fyrir fæðu og öðrum nauðsynjum. Hlutverk foreldra gagnvart börnum og heimili mótast, eins og atvinna, af samfélaginu. Börnin þurfa umönnun, heimilisstörf þarf að vinna og þar sem konan gengur með börnin og hefur mjólkina, sem er eina næring margra barna fyrstu vikur og jafnvel mánuðina, var eðlilegt að það væri hún sem sinnti börnum og búi. Starf þess aðila sem vinnur utan heimilisins og aflar tekna er mikilvægt til þess að hægt sé að halda heimili og mæta ýmsum grunnþörfum fjölskyldunnar.

Fyrirkomulag þar sem annað foreldrið vinnur fyrir tekjum en hitt tekur að sér að vera heimavinnandi er gott og jafnvel nauðsynlegt á ákveðnum tímabilum í lífi margra fjölskylda. Hinsvegar er jafnvel enn algengara núorðið, að minnsta kosti á vesturlöndum, að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Verkaskiptingin hefur margar hliðar og á sumum heimilum varð hún þess valdandi að móðirin var háð föðurnum um peninga til reksturs heimilisins og var þess vegna ekki sjálfstæð. Þessi hlutverk eru til staðar í sögunum þremur en ákveðinnar togstreitu gætir samt.

Konurnar eru allar menntaðar og frekar sjálfstæðar þó svo að þær gefi sig undir ráðandi karlmennsku á heimilinu þegar þær gifta sig. Charlott, móðirin í *Brothætt* er framúrskarandi á sínu sviði sem bakari og vinnur við fagið, þó að hún sé einstæð móðir. Hún er útivinnandi þar til hún giftist Sean og eignast með honum dótturina Willow sem fæðist með sjúkdóminn Beinstökkva.

Móðirin í bókinni: *Á ég að gæta systur minnar*, er lögfræðingur og sannfærð um að hún sé á réttri hillu í því starfi þar til hún giftist manni sínum og eignast með honum

²⁶ Guðrún Ansnes, „Karlar þurfa ekkert að óttast“, *Morgunblaðið*, júl 2016, 26.

²⁷ Jodi Picoult, *Á ég að gæta systur minnar*, þýð. Ingunn Ásdísardóttir (2007), 48–49.

²⁸ Unnur Dís Skaptadóttir, *Ráðstefnurit*, 227.


börn²⁹. Emma, móðirin í bókinni *Reglur hússins*, hætti einnig að vinna utan heimilis þegar hún giftist Henry og eignaðist börnin.³⁰ Allar mæðurnar snúa aftur til fyrri starfa á einhverjum tímamarki. Charlott byrjar að baka til að gleyma og fjarlægja sig sársauka en baksturinn verður fljótlega aftur að atvinnu.³¹ Í *Reglum hússins* þarf Emma að vinna til að sjá fyrir fjölskyldunni þar sem Henry er farinn út af heimilinu og Sara, móðirin í *Á ég að gæta systur minnar*, snýr aftur í réttarsalinn sem lögfræðingur, í málaferlum dótturinnar gegn foreldrum sínum.

Ólíkir reynsluheimar kynjanna

Kvennamenning og kvennabókmenntir eru orð sem hafa frekar neikvæða merkingu.

Orðin með forskeytinu; kvenna- gefa til kynna að um annarsflokks menningu og annarsflokks bókmenntir sé að ræða. Skrif kvenna og menning sem konur skapa og neyta hafa ekki sama sess og bókmenntir og listir sem tilheyra miðjunni.

Mannfræðingurinn Edwin Ardener skýrir þetta með líkani, en hann er höfundur Ardener-hringsins sem samanstendur af tveimur hringjum sem skarast. Annar hringurinn stendur fyrir karlamenningu en hinn kvennamenningu, sameiginlega svæði hringjanna tveggja táknar sameiginlega menningu beggja kynja.



Hringurinn sem táknar karlamenningu er heill og allur í sama lit en sá hluti kvennamenningar sem liggur út fyrir karlamenningu, er skyggt á myndinni. Sá hluti er kallaður „villt“ svæði þar sem það er ekki bundið neinni menningu.³² Þetta er myndræn

²⁹ Picoult, *Á ég að gæta systur minnar*, 31.

³⁰ Picoult, *Reglur hússins*, 51.

³¹ Jodi Picoult, *Brothætt*, þýð. Ásdís Guðnadóttir (2011), 247.

³² Helga Kress, *Máttugar meyjur: íslensk fornbókmenntasaga* (Reykjavík: Háskóli Íslands, 1993), 13–14.

framsetning á því hvernig kvennamening hefur ekki notið sömu stöðu og önnur menning og verið jaðarsett.³³

Verkaskipting foreldra þar sem móðirin vinnur heima og faðirinn er fyrirvinnan, hefur orðið þess valdandi að feður hafa síður haft tækifæri til að sinna daglegri ummönnun barna sinna. Þetta munstur varð þó almennt viðurkennt og hefur að öllum líkindum átt þátt í því að skapa þá mynd karlmenskunnar sem Elliot talar um sem „hegemonic masculinity“ eða ráðandi karlmensku.³⁴ Þessi tegund karlmensku getur átt þátt í að ræna feður dýrmætu sambandi við börn sín. Þegar faðirinn er nær eingöngu í hlutverki þess sem „skaffar“ líður öll fjölskyldan tilfinningalegan skort. Karlmenska er að einhverju leyti eðlislæg fyrir einstaklinginn en mótast einnig að einhverju leyti af samfélaginu, umheiminum og þeim stað og tíma sem viðkomandi karlmaður elst upp á. Elliott heldur því fram að sá einstaklingur sem sinnir ummönnun annars einstaklings hafi eigin hagsmuni ekki í fyrirrúmi. Miklu frekar verði hagsmunir viðkomandi samtvinnaðir hagsmunum þess sem er í forsjá eða á hans ábyrgð. Þannig fari feður á mis við mikilvæga tilfinningalega tengingu við börn sín ef þeir hafa ekki tækifæri til að sinna þeim á meðan þau eru ung og eru algjörlega uppá umsjá foreldra komin.

Elliott segir að umhyggju karlmenska endurskapi hlutverk hefðbundinnar karlmensku sem einkennst hefur af því að sjá fyrir fjölskyldunni fjárhagslega og vernda hana án þessa að vera til staðar líkamlega og andlega í uppeldi.³⁵ Í skáldsögunum þremur sem fjallað er um hér eru foreldrarnir allir gagnkynhneigðir, bandarískir, eiga fleiri en eitt barn og faðirinn er útvinnandi. Að öðru leyti eru fjölskyldurnar ekki eins. Í *Brothætt* á móðirin barn frá fyrra hjónabandi, foreldrarnir í *Á ég að gæta systur minnar* eiga þrjú börn saman og búa saman og móðirin í *Reglur hússins* er einstæð móðir með tvo syni. Hún á svo í ástarsambandi við lögfræðing sonar síns þegar líður á söguna. Í öllum sögunum falla fjölskyldurnar því inn í hefðbundið kynjamunstur.

³³ Elaina Showalter, „Femínísk gagnrýni í auðninni“, þýð. Vera Júlíusdóttir, *Ritið*, nr. 2, Hugvísindastofnun HÍ, (2010), 68–69.

³⁴ Elliott, „Caring Masculinities: Theorizing an Emerging Concept“, 241.

³⁵ Sama, 246 og 253.

Hinn mildi faðir og hin grimma móðir melódramans.

Í bókinni *Á ég að gæta systur minnar* taka hjónin Sara og Brian ákvörðun um að eignast þriðja barnið þegar í ljós kemur að hægt er að velja fóstur með tilliti til erfðabáttar. Þannig geta þau eignast barn sem getur verið beinmergsgjafi fyrir þriggja ára gamla dóttur þeirra, Kate en hún hefur þá verið greind með hvítblæði og meðhöndluð án varanlegs árangurs. Sonur hjónanna, Jesse, getur ekki gefið systur sinni beinmerg og foreldrarnir ekki heldur en þau hafa reynt allt til að bjarga barninu sínu. Sérfræðilæknir Kate stingur uppá þessari óvæntu leið til að fá besta hugsanlega beinmergsgjafa fyrir barnið og foreldrarnir eru tilbúin til þess að láta á þetta reyna.³⁶

Móðirin er leiðandi í ákvarðanatökunni en faðirinn er engu að síður samþykkur og þátttakandi í öllu ferlinu. Afstaða foreldrana til nýja barnsins er ólík. Faðirinn hugsar um stúlkuna sem þau ætla að fæða inn í heiminn, sem einstakling og sem barnið sitt frá því að hún er í móðurkviði. Þann tíma sem móðirin gengur með Önnu, hugsar hún hinsvegar aðein um hana út frá því hvað hún getir gert fyrir Kate.³⁷ Móðurást er ekki til staðar gagnvart ófædda barninu en föðurástin kemur í hennar stað. Þetta er einmitt eitt einkenna melódramans að draga fram andstæður í persónum, hér eru það góði faðirinn og grimma móðirin.

Brian er umhyggjusamur og elskar börnin sín og eiginkonu. Hann vinnur erfiða og krefjandi vinnu sem varðstjóri í slökkviliði. Hann horfir upp á fólk glíma við erfiðar aðstæður á hverjum degi og í erfiðleikunum sem hans eigin fjölskyldan stendur frammi fyrir, þegar Anna stefnir foreldrum sínum, lýsir hann aðstæðum á þann veg að hann sér sig berjast við elda á mörgum vígstöðvum. Sara lærði lögfræði og vann við sitt fag þar til þau Brian eignuðust börnin en eftir það er hún heimavinnandi og nýtur þess. Sara segist ekki sakna þess að flytja mál fyrir rétti. Ákveðins tvískinnungs gætir þó þegar hún segist „ekki vera á leiðinni neitt“ en þó er það kannski þannig sem hún vill lifa lífi sínu: „Stundum spái ég í það hvort ég sé ein um þetta, eða hvort til séu aðrar konur sem komast að því hvar þær eru best komnar með því að vera ekki á leiðinni neitt.“³⁸ Í ummælum Söru kemur einnig fram að hún er aðeins að tala um konur en ekki foreldra almennt og því líklegt að hún upplifi eiginmann sinn ekki í sömu stöðu enda er hann vel liðinn yfirmaður á sínum vinnustað.

³⁶ Picoult, *Á ég að gæta systur minnar*, 106.

³⁷ Sama, 104.

³⁸ Sama, 31.

Í líkani Ardeners er sameiginlega svæði kynjanna stórt. Bæði kynin þekkja það vel enda tilheyrja bæði kynin svæðinu. Karlmennt hafa hinsvegar ekki aðgang að villta svæðinu sem verður svo til þess að þeir geta ekki sett sig í spor kvenna þegar þær færa sig út á jaðar hringsins. Sara var inni á sameiginlega svæðinu á meðan hún var útvinnandi. Áður en börnin fæddust var hún ánægð í starfi og viss um að starfið hentaði henni vel. Þau hjónin töluðu saman um vinnuna og voru jafningjar. Þegar aðstæður Söru breytast við það að hún helgar sig veika barninu má segja að hún sé komin inn á villta svæðið. Það er staður sem eiginmaðurinn skilur ekki og telur sig ekki hafa aðgang að.

Þegar Sara er orðin heimavinnandi breytist afstaða Brians til heimilisins. Viðhorf hans verða hefðbundin viðhorf útvinnandi föður á heimili þar sem móðirin er heimavinnandi. Hann er nú orðinn „höfuð fjölskyldunnar“. Þetta kemur skýrt fram þegar hann tekur ákvörðun, án þess að tala við Söru, um að tæma framhaldsskólasjóð Kate til að greiða fyrir mergskiptaaðgerðina. Systir Söru, Zanne hafði boðist til að leggja út fyrir kostnaðnum en Brian laug því til að „strákarnir á stöðinni“ hefðu tekið upp svo rausnarlega samskot að það ætti að duga. Sara verður hissa og spyr „laugstu að mér?“ Brian svarar „Ég vil ekki láta systur þína borga fyrir Kate,“ segir Brian. Það er í mínum verkahring að gera það.“³⁹ Hér er gott dæmi um stolt og ábyrgðina sem faðir tekur á sínar herðar, hann upplifir það vera sitt hlutverk að bera ábyrgð á fjárhag fjölskyldunnar. Peningana í sjóðnum er samt ekki hægt að líta á á sama hátt og þær tekjur sem hann aflar. Hjónin hafa að öllum líkindum tekið sameiginlega ákvörðun um að stofna sjóðinn og því eðlilegt að þau ræði hvernig honum er ráðstafað, áður en það er gert.

Ráðandi karlmennska gerir ráð fyrir yfirráðum karla og styðjandi kvenleiki gerir valdskipanina mögulega með því að mæta óskum og kröfum ráðandi karlmennsku. Ráðandi karlmennska hefur þannig eingöngu möguleika á að halda velli ef styðjandi kvenleiki er til staðar. Gyða Margrét fjallar um þetta í grein sinni en þar segir hún að hlýðni kvenna sé miðlæg þar sem styðjandi kvenleiki er ráðandi.⁴⁰

Brian talar um að hann hjálpi konunni sinni við að ganga frá eftir kvöldverðinn. Þannig lítur hann ekki á það sem sitt hlutverk að ganga frá, heldur er það hennar. Einnig kemur fram að Sara heldur áfram að vinna fyrir heimilið og fjölskylduna fram eftir kvöldi.⁴¹ Brian gantast við vinnufélaga sína þegar hann kemur með þessa samlíkingu á

³⁹ Sama, 241.

⁴⁰ Gyða Margrét Pétursdóttir, „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis“, 7.

⁴¹ Sama, 48–49.

konum og báli: „Eldur er ofsalega fallegur, ekki satt? Hann er svo fallegur að maður getur ekki tekið augun af honum meðan hann er að brenna. Ef maður hefur stjórn á honum gefur hann bæði ljós og hita. Það er ekki fyrr en hann fer úr böndunum sem maður þarf að byrsta sig við hann.“⁴² Þessi samlíking Brians á konum og eldi gefur til kynna að karlmaðurinn sé sá sem hafi stjórn á konunni og sé einskonar yfirmaður eða yfirvald. Hann ber á vissan hátt ábyrgð á að athafnir konunnar fari ekki úr böndunum. Þetta viðhorf setur ekki einungis konuna í einkennilega stöðu heldur varpar ábyrgðinni á herðar manningnum sem hann á ekki að þurfa að bera.

Móðirin, Sara, upplifir ekki minni örvæntingu en faðirinn en hún tekst ekki á við hana á sama hátt. Segja má að hún hafi ekki sama aga eða sjálfstjórn til að takast á við áfallið sem fylgir því þegar Anna heldur því til streitu að fara í mál við foreldra sína til þess að þurfa ekki að gefa Kate annað nýrað úr sér. Anna var ekkert slysabarn heldur varð hún til vegna þess að foreldrar hennar þráðu hana. Þrá þeirra var samt af öðrum toga en þrá flestra sem reyna að eignast barn þar sem hún var valin til þess að vera bjargvættur Kate. Þannig sér móðirin hlutverk Önnu sem líffæragjafa jafn sjálfsagt og hlutverk hennar sjálfrar sem verndara. Þetta eru ekki hlutverk sem mæðgurnar hafa valið sér sjálfar heldur hefur hvítblæðið, sem hefur ekki aðeins yfirtekið líkama Kate heldur hefur alla fjölskylduna á sínu valdi, úthlutað Önnu hlutverk bjargvættarins og móðurinni hlutverk verndarans.

Anna spyr mömmu sína „hvað ef ég hætti nú við?“ þegar komið er að því að taka merg úr henni til að gefa Kate. Mamma hennar svarar „Þú þarft ekki að gera þetta ef þú vilt það ekki, en ég veit að Kate treystir á þig. Og pabbi og ég líka.“⁴³ Sterkar andstæður eru dregnar upp í viðhorfi foreldranna þegar pabbinn sinnir Önnu eftir mergtökuna og gefur henni hálsnisti. Hann segir að hún eigi skilið að fá gjöf þar sem hún hafi gefið systur sinni stóra gjöf. Viðbrögð móðurinnar eru hinsvegar ekki samkennd með Önnu eða þakklæti þegar hún hugsar: „En tilhugsunin um að umbuna einhverjum fyrir að líða sársauka, hvarflaði satt að segja aldrei að mér. Við höfum öll þjáðst svo lengi.“⁴⁴

Sara reynir að tala um fyrir Önnu að hætta við lögsóknina og reynir að sannfæra hana um að gefa Kate annað nýrað úr sér. Þegar henni tekst það ekki missir hún stjórn á sér við hana og slær Önnu utanundir. Sara er sátt við hlutverkið sem hún tók sér, að vera heimavinnandi móðir, hún gerði þó ekki ráð fyrir því, frekar en nokkurt annað foreldri,

⁴² Sama, 45.

⁴³ Picoult, *Á ég að gæta systur minnar*, 235.

⁴⁴ Sama, 237.

að þurfa að leggja daglegt líf til hliðar til að sinna langveiku barni. Sara upplifir sig ekki hafa val og hún sættir sig við það að þurfa að breyta áætlunum sínum fyrirvaralaust þegar Kate þarf á umönnun að halda.⁴⁵ Brian hefur aðrar skyldur þar sem hann er fyrirvinnan. Hann reynir stundum að fá sig lausan frá vinnu þegar mikið liggur við fyrir fjölskylduna. Engu að síður leyfir hann sér líka stundum að flýja hversdagsleikann og þá ábyrgð sem daglegu lífi fjölskyldunnar fylgir. Brian velur stundum að vera áfram á slökkvistöðinni þegar vaktin hans er búin til þess að þurfa ekki að mæta því sem bíður hans heima.⁴⁶

Sara var vel menntuð og giftist ástinni sinni en það upplifði hún sem uppreisn gegn þeim væntingum sem systir hennar, sem gengið hafði henni í móðurstað, hafði til hennar. Samanburðurinn við Zanne, stóru systur reyndist henni erfiður sem olli því kannski að hún valdi að yfirgefa starfsframann.⁴⁷ Að sumu leyti má því segja að Sara sé í hlutverki styðjandi kvenleika í hjónabandinu og gerir Brian þannig ráðandi karlmennsku auðvelda. Þó er ekki hægt að líta framhjá því að mengandi kvenleiki gerir vart við sig enda væri annað ótrúverðugt í ljósi bakgrunns Söru.

Talið er að náttúran hafa komið því þannig fyrir að tilfinningar þess, sem sér að mestu leiti um umönnun ungabarns, vaxa og þroskast og verði að því sem oft er kallað móðurást. Talað er um ást móðurinnar sérstaklega en ekki foreldraást þar sem í gegnum tíðina hefur það verið algengast að móðir hafi þetta hlutverk. Ungabarnið og móðirin mynda þannig tengingu sem eykur líkurnar á heilbrigði barnsins í uppvextinum. Móðurást er þannig talin byggja á tilfinningum frekar en að hægt sé að tala um móðureðli eins og raunin er hjá mörgum dýrategundum.⁴⁸

Í sögunni fær veika barnið, Kate, skilyrðislausu ást og umhyggju frá móður sinni. Þetta er sönn móðurást og Sara er tilbúin að gera hvað sem er til að bjarga lífi dóttur sinnar. Jesse, sem er sonur sömu foreldra, á hinsvegar móður sem sinnir honum lítið. Hann er afskiptur og virðist leita að því sem hann hefur farið á mis við, ást og umhyggju. Hann deyfir sig með vímunni og hann stundar íkveikjur kannski til að upplifa spennu og til að deyfa innri sársauka. Móðurástin var til staðar fyrir Jesse áður en veikindin komu upp en nú virðist hún horfin eða í það minnsta upplifir Jesse hana ekki. Afstaðan til Önnu, barnsins sem fæddist til að bjarga dótturinni Kate, er svo á köflum óhugnanleg. Það er eins og móðurást Söru hafi ekki kviknað á sama hátt

⁴⁵ Sama, 168.

⁴⁶ Sama, 146.

⁴⁷ Sama, 65.

⁴⁸ Carroll E. Izard, *The Psychology of Emotions* (1991), 5–13.

gagnvart Önnu eins og hinum börnunum tveimur. Hin grimma móðir virðist frekar sjá Önnu sem einstakling sem á að sjá Kate fyrir því sem hana vantar hvort sem það er blóð, bein mergur eða líffæri, heldur en að elska hana sem barnið sitt.

Sært stolt karlmannsins.

Melódramað vinnur gjarnan með konur sem þurfa á karlmanni að halda til þess að verða heilar og hefur þannig átt þátt í því að viðhalda ákveðnum staðalmyndum kynjanna. Þegar karlmaðurinn hennar er kominn til sögunnar hættir konan að sumu leyti að vera einstaklingur en verður hluti af honum eða þeirri heild sem þau mynda saman. En verður hann hluti af henni á sama hátt?

Charlotte, móðirin í *Brothætt*, var einstæð móðir áður en hún kynntist Sean. Hún var vön að sjá ein um dóttur sína Ameliu og heimilið, en var auk þess útvinnandi. Þegar þau Sean eignuðust Willow breyttist líf allrar fjölskyldunnar varanlega þar sem Willow fæddist með sjúkdóminn beinstökkva. Móðirin tekur hlutverk sitt alvarlega og sinnir Willow allan sólarhringinn. Sean sinnir sínu hlutverki en hann er fyrirvinnan og leggur metnað í að skaffa eins vel og hann getur. Sean þráði barn ekki síður en Charlotte og áfall þeirra er sameiginlegt þegar í ljós kemur að barnið þeirra er ekki heilbrigt og þarfnast umönnunar allan sólarhringinn allt sitt líf. Í fyrsta og eina skipti sem fjölskyldan fer í frí endar það með ósköpum. Börnin eru tekin af foreldrunum sem sjálf eru hneppt í varðhald þar sem grunsemdir vakna um vanrækslu þeirra gagnvart Willow.

Faðirinn, Sean, sem er lögreglumaður, upplifir að vegið sé að karlmennsku sinni þegar hann mætir aftur til vinnu eftir að hafa verið handtekinn. Vinnufélagar hans, sem eru lögregluþjónar, gera grín að honum fyrir handtökuna þar sem hann þurfti að dúsa í fangaklefa í sumarfríinu. Sean bregst við á þann hátt að hann vill fara í mál og draga þannig einhvern til ábyrgðar fyrir þann tilfinningalega skaða sem hann þurfti að þola. Eiginkona hans sat líka í fangelsi á sama tíma en það er honum ekki efst í huga þegar hann segir: „Hefurðu einhverja hugmynd um hvernig þetta var fyrir mig? Fyrir krakkana mína?“⁴⁹

Charlotte er ekki útvinnandi og upplifir atburðina á annan hátt. Hlutskipti hennar er erfitt en hún þekkir hlutverk sitt vel og vill að lífið komist aftur í sínar skorður.

Lögfræðingurinn sem þau leita til telur föðurinn ekki hafa réttmæta kröfu en beinir

⁴⁹ Picoult, *Brothætt*, 60.

hinsvegar sjónum að móðurinni þegar hann segir: „Ég er viss um að það er ekkert á við þá tilfinningalegu byrði að lifa daginn út og daginn inn með barn sem á við þessi heilsufarsvandamál að stríða.“⁵⁰ Viðbrögð Charlotte einkennast af því að hún er undir agavaldinu sem Faucoult talar um. Hún vill komast aftur í þá stöðu sem hún þekki best innan veggja heimilisins þar sem hún hefur eftirlit með sjálfri sér og getur sinnt hlutverkinu sem hún kann.

Afstaða og viðbrögð Seans eru skiljanleg þegar haft er í huga að hann er vanur hlutverki sínu sem einkennist af ráðandi karlmennsku sem er viðhaldið af umhverfinu. Styðjandi kvenleiki af hálfu Charlotte er mikilvægur þáttur í því að móta og viðhalda kynjahlutverkunum. Þegar lögfræðingurinn hefur hinsvegar kynnt fyrir Charlotte valkost sem hún sér sem leið að betra lífi fyrir alla fjölskylduna gerir mengandi kvenleiki vart við sig. Það kemur fram í orðum hennar að hún telur að Sean gerir lítið úr þeirri ummönnun sem Willow þarf á að halda þegar hún segir: „Hvar erum við í þessu, Sean? Þú ferð í vinnuna. Þú ferð með strákunum að spila póker. Þú lætur þetta hljóma eins og við séum með Willow allan sólahringinn, en þú hefur ekki hugmynd um hvernig það er“.⁵¹

Charlotte horfist í augu við hlutverkin sem þau hafa tekið sér, þetta er kannski í fyrsta skipti sem hún gerir það en hún virðist ekki vera allskostar sátt við sitt hlutskipti. Charlotte ræðst gegn Sean sem persónu í stað þess að horfast í augu við að þau hafa bæði gengist undir klassísk og samfélagslega mótuð kynjahlutverk. Slagsíðan sem myndast hefur í hjónabandinu og á heimilinu er því á ábyrgð beggja foreldra en ekki eingöngu verk föðurins.

Charlotte afræður í framhaldinu að taka ákvörðun án þess að ráðfæra sig við eiginmanninn. Segja má að hún fari aftur í hlutverkið sem hún var í sem einstæð móðir. Þá tók hún allar ákvarðanir varðandi heimilið og dóttur sína án þess að þurfa að taka tillit til maka síns. Charlotte tekur þannig ákvörðunina um að fara í málaferli gegn fæðingarlækninum þó svo að faðir Willowar sé því mótfallinn. Fæðingalæknirinn er besta vinkona Charlotte og með þessari ákvörðun er hún því bæði að fjarlægja sig frá eiginmanni sínum og að segja skilið við bestu vinkonu sína á sama tíma.

Móðirin sveiflast hér á milli öfga, annarsvegar uppfyllir hún hlutverk styðjandi kvenleika við ráðandi karlmennsku og hinsvegar fer hún í öfgar mengandi kvenleika þegar hún tekur ákvörðun sem hefur varanleg áhrif á framtíð allrar fjölskyldunnar, án

⁵⁰ Sama, 60–61.

⁵¹ Sama, 118.

þess að virða rétt Seans. Þessar öfgar eru ekki til þess fallnar að koma á jafnrétti en geta engu að síður verið afleiðingar ójöfnuðar sem hefur viðgengist um tíma.

Charlotte er bæði hin ástríka móðir sem hefur skilyrðislausa ást til Willowar og hin grimma móðir Ameliu. Willow sem ekki getur lifað án stöðugrar umönnunar fær allt sem móðirin getur veitt henni. Amelia er hinsvegar gleymd að mörgu leyti og móðirin tekur ekki eftir þögulum hrópum hennar þegar hún fer að skaða sjálfa sig. Þessi viðbrögð eru ekki ólík viðbrögðum Jessy í: *Á ég að gæta systur minnar* þó svo að hjá honum brjótast þau út á annan hátt.

Sterka konan.

Villta svæðið í Ardener-hringnum, sem talað hefur verið um hér að framan og er óaðgengilegt körlum hefur meðal annars að geyma kynhvöt kvenna. Hún er körlum oft framandi og illskiljanleg. Kynhvöt karla í melódramanu er hinsvegar oft frekar frumstæð. Þessar steríótípísku hugmyndir um koma vel fram í bókinni *Reglur Hússins*.

Sagan fjallar um einstæða móður tveggja drengja. Eldri sonurinn, Jacob er með Asperger sem gerir það að verkum að heimilis- og einkalíf fjölskyldunnar stjórnast mikið til af hans þörfum. Henry, faðir bræðranna, er ekki tilbúinn að taka þátt í uppeldi barna sinna. Jacob er greindur með Asperger aðeins stuttu eftir að Theo, yngri sonurinn fæðist og upplifir faðirinn verkefnið of yfirþyrmandi. Henry upplifir aðstæðurnar yfirþyrmandi, skilur við Emmu og fer frá henni og tveimur ungum drengjum. Frá upphafi hefur Emma verið sá aðilinn sem heldur lífi í sambandi þeirra. Hún bauð honum á fyrsta stefnumótið, eftir að hafa árangurslaust reynt að gefa honum vísbendingar um að hún mundi fara með honum út, ef hann biði henni á stefnumót.⁵²

Faðirinn heldur áfram að sjá fyrir börnunum að því leyti að hann sendir móðurinni meðlag. Meðlagið hrekkur þó ekki til, þannig að móðirin sinnir starfi utan heimilis til að framfleyta fjölskyldunni, auk þess sem hún sér ein um heimilið og uppeldi barnanna. Hún tekur hlutverk sitt gagnvart veika barninu mjög alvarlega og sinnir því af bestu getu. Þetta er þó oft á kostnað yngri sonarins Theo, sem er í hlutverk týnda barnsins. Móðirin gerir Theo jafnvel að einskonar staðgöngu foreldri þegar hún þarf á því að halda. Hún ætlar til þess að Theo hjálpi henni við umönnun Jacobs.⁵³ Theo sýnir af sér

⁵² Picoult, *Reglur hússins*, 433.

⁵³ Sama, 121.

hegðun sem gefur til kynna að hans tilfinningalegu þörfum sé ekki mætt þegar hann fer inn í ókunnug hús þegar eigendur eru ekki heima, hann tekur einnig upp á því að stela. Móðurástin er ekki aðgengileg fyrir Theo en Emma beinir hinsvegar að Jacobi allri þeirri móðurást sem hún á til. Þannig er skortur á móðurást og umhyggju undirstrikaður líkt og í hinum bókunum tveimur.

Theo tekur upp á því á eigin spýtur að heimsækja Henry, föður sinn til að freista þess að fá hjálp hans þegar Jacob er ákærður fyrir morðið á stuðningsfulltrúanum sínum Jess. Faðirinn er giftur aftur og á fallett heimili, eiginkonu og tvær dætur. Hann hefur lítil samskipti átt við syni sína og engin samskipti hafa verið á milli gömlu og nýju fjölskylda Henrys. Heimsókn Theos verður síðan til þess að Henry horfist í augu við ábyrgð sína ganvart Jacobi og kemur til þess að vera til staðar fyrir Emmu og synina áður en réttarhöldin klárast. Emma er sjálfstæð og mengandi kvenleiki er henni nokkuð eðlilegur. Hún hefur nýlega stofnað til ástarsambands með Oliver, lögfræðingi Jacobs, og upplifir komu Henrys⁵⁴ sem innrás inn á hennar heimili og inn í hennar einkalíf.

Henry kemur til baka undir lokin á sögunni eins og feðurnir gera í sögunum *Á ég að gæta systur minnar* og *Brothætt*. Hann gefur Emmu líka staðfestingu á því að hún hafi sinnt hlutverki sínu sem foreldri, vel og viðurkennir að hann hafi ekki staðið við sitt. Þetta verður til þess að létta af samskiptum þeirra ákveðinni spennu og móðirin meðtekur þessa viðurkenningu frá föðurnum. Hann er að umbuna henni, með fáum orðum, alla þá vinnu sem átti að vera hlutverk þeirra beggja en hún tók á sig.⁵⁵

Þegar Emma og Oliver stofna til ástarsambandsins er jafnrétti kynjanna að sumu leyti meira í því sambandi en í hjónaböndunum í sögunum þremur. Emma er nokkrum árum eldri en Oliver, sem er ein af ástæðunum fyrir því að hvorugt þeirra gerir hana undirskipaða karlinum í sambandinu. Styðjandi kvenleiki er því ekki áberandi í þessu sambandi en þess ber þó að geta að það er nýtt og ekki komin mikil reynsla á það. Hinsvegar er spurning hvort hlutverk Emmu sem móðir Jacobs og Theos endurspeglir styðjandi kvenleika þar sem Emma stýrir heimilinu ein en það kemur aldrei fram að hún geri kröfu á synina um að þeir sinni heimilisstörfum. Það kemur hinsvegar fram að hún sér um þrif, matseld og þvotta auk þess sem hún vinnur fyrir fjölskyldunni. Þegar foreldrar, eða móðirin í þessu tilfalli, ala börn sín upp við styðjandi kvenleika er ekki von á öðru en synirnir taki að sér hlutverk sem eru innan ráðandi karlmennsku. Samfélagið og það mynstur sem skóli bræðranna bíður uppá hefur einnig áhrif og þar

⁵⁴ Sama, 546.

⁵⁵ Sama, 596–97.

eru gamaldags viðhorf til hlutverka kynjanna við líði. Þetta birtist meðal annars í því þegar Jacob býður stelpu á lokadansleik í skólanum.⁵⁶

Samfélagið, sem hér er lýst, er nokkuð dæmigert fyrir tuttugustu öldina þar sem ára kynjajafnréttis er til staðar og á yfirborðinu ríkir friður. Undir niðri örlar þó á ólgu þar sem jafnréttið er ekki algjört og kröfur ríkjandi karlmennsku geta valdið því að konur upplifa óþarfa álag. Þetta samspil verður svo til þess að konur taka á sig meiri ábyrgð en þær ættu að gera. Mæðurnar í bókunum taka þannig á sig of mikla ábyrgð þegar þær ætla sér að uppfylla hlutverk beggja foreldra í umönnun veika barnsins og á heimilinu⁵⁷. Mæðurnar eru ekki eingöngu fórnarlömb þegar þær reyna að taka bæði hlutverk móður og föður. Í raun má segja að þær ræni feðurna ákveðinni hluttekningu og virðast hunsa þá staðreynd að umhyggja karlmanna birtist ekki á sama hátt og umhyggja kvenna⁵⁸.

Emma getur hinsvegar ekki reitt sig á neinn nema sjálfa sig þar sem Henry neitar að sinna föðurhlutverkinu. Foreldrar hennar eru bæði dáið svo að ekki getur hún leitað til sinna foreldra og hún á ekki aðra fjölskyldu en synina tvo.⁵⁹ Þegar Oliver er orðinn vel kunnugur fjölskyldunni fer hann að taka á sig hluta ábyrgðarinnar sem Emma hefur haft gagnvart Jacobi. Oliver vinnur að undirbúningi réttarhaldanna á heimili Emmu og lítur eftir Jacobi á meðan. Það gefur Emmu tækifæri til að sinna erindum utan heimilisins en Jacob er þegar hér er komið við sögu, skikkaður af dómara í stofufangelsi á heimili þeirra.⁶⁰ Emma hefur ekki litið á líf sitt sem sitt eigið frá því að drengirnir voru litlir. Hún upplifir að hún þurfi að stela tíma fyrir sjálfa sig. Þann tíma notar hún svo til þess að sitja ein í bílnum fyrir utan gamla barnaskóla drengjanna.⁶¹ Með tilliti til hlutverksins sem móðirin setur sig í gagnvart börnunum er eðlilegt að sonurinn, sem er með Asperger, sjái hana sem sína eign. Hann sér hana eingöngu sem móður sína og Theos,

⁵⁶ Sama, 60–62.

⁵⁷ Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir, *Postulín* (Reykjavík: Salka, 2007). Í bókinni er saga Freyju rakin frá því að hún fæddist. Freyja er fædd með sjúkdóminn Beinstökkva líkt og Willow í Brothætt. Áhugavert er að skoða sögu Freyju í ljósi persónusköpunar í verkum Picoult. Segja má að foreldrar Freyju taki sér sambærileg hlutverk og foreldrarinn í bókunum, móðirin tekur umönnunarhlutverkið fram yfir annað en faðirinn fer í hlutverk fyrirvinnunar. Freyja sjálf er veika barnið og frænka hennar passar að sumu leiti í hlutverk týnda barnsins. Dæmi um það er afmæli frænkunnar en þar er það Freyja sem verður mest áberandi og fær öll verðlaunin í afmælisleikjunum. Picoult hefði fengið dýpri skilning á Beinstökkva ef hún hefði haft aðgang að sögu Freyju þegar hún skrifaði *Brothætt*. Freyja lýsir sjúkdómnum af eigin reynslu og einnig út frá reynslu foreldra sinna. Þessi lýsing hennar er afar áhrifamikil.

⁵⁸ K. Elliott, „Caring Masculinities: Theorizing an Emerging Concept“, *Men and Masculinities* 19, nr. 3 (ágúst, 2016), 248–49.

⁵⁹ Picoult, *Reglur hússins*, 369.

⁶⁰ Picoult, *Reglur hússins*, 414.

⁶¹ Sama, 369.

bróður síns en ekki sem kynveru og því ekki sáttur við að hún taki upp ástarsamband við Oliver.⁶²

Oliver sér Emmu sem kynveru frá því að hann hittir hana fyrst.⁶³ Hann misskilur orð hennar og leyfir þeim að ýta undir eigin hugaróra þegar hann borðar kvöldmat með Emmu og drengjunum. Þegar hann upplifir Emmu „hissa og dálítið ringlaða“ finnur hann fyrir löngun til að kyssa hana og að „kasta henni á bakið upp á borð.“⁶⁴ Emma er hinsvegar ekkert ringluð yfir Oliver. Hún hefur ekki séð þennan unga lögfræðing sonar síns sem hugsanlegan elskhuga, heldur á sonur hennar, sem ákærður hefur verið fyrir morð, hug hennar allan. Þegar Emma er svo tilbúin til að sofa hjá Oliver er það hún sem fer heim til hans að kvöldlagi. Það má því segja að á vissan hátt taki hún frumkvæðið, eins og hún gerði með Henry, þó svo að aðstæður séu mjög ólíkar.⁶⁵

Gengið er út frá þeirri gömlu hugmynd að konur þurfi á körlum að halda til að vera hamingjusamar. Oliver kemur inn í líf Emmu til að hjálpa henni þar sem hún þarf á hjálp karmanns að halda. Hennar hlutverk er svo að fullnægja þörf hans fyrir heimili og auðvitað að mæta kynferðislegum löngunum hans til hennar sem eru aðalatriði í væntingum hans til sambandsins. Hér er óþarflega lítið gert úr tilfinningum- og umhyggju karlmannsins en á sama tíma er gert lítið úr sjálfstæði og ekki síður kynhvöt konunnar.

Samantekt

Samkvæmt könnun Þóru K. Þórsdóttur og Kolbeins Stefánssonar frá árinu 2010, vinna giftar mæður á Íslandi fleiri vinnustundir en einstæðar mæður. Þá eru taldar saman allar vinnustundir bæði innan og utan heimilis, launaðar og ólaunaðar.⁶⁶ Þetta gefur til kynna að karlmenn hafi ekki tekið virkan þátt í heimilishaldi og umönnun og þar að auki gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að konurnar hafi bætt við sig hluta af því sem karlarnir hefðu þurft að sinna ef þeir væru einir. Styðjandi kvenleiki virðist því lifa góðu lífi og hlutverk foreldra hafa áhrif á börnin þeirra og færast síðan áfram út í skólana, vinnustaði og samfélagið allt. Þetta kemur einnig fram í rannsókninni *New Dad*.

⁶² Sama, 595.

⁶³ Sama, 211.

⁶⁴ Sama, 352.

⁶⁵ Sama, 539.

⁶⁶ Gyða Margrét Pétursdóttir, „Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis“, 15.

Þátttakendurnir í rannsókninni eru allir menntamenn og það eru eiginkonur þeirra einnig. Þar kemur skýrt fram að flest pörin upplifa árekstra þegar kemur að verkaskiptingu á heimilinu.

Skilningur manna er ekki alltaf sá sami á nauðsyn þess að sinna hlutverkum innan heimilisins og þannig lýsir einn faðirinn því að óleyst ágreiningsmál sé á milli hans og konu hans þar sem hún vill að hann taki meiri þátt í heimilisstörfum. Hann segir hana ekki vera sátta við að hann fari eins oft út með vinum sínum eftir vinnu eins og hann var vanur að gera áður en þau stofnuðu fjölskyldu.⁶⁷ Nánast sömu aðstæður koma upp í *Brothætt* þegar Charlott vakir fram eftir kvöldi eftir Sean. Hann er vanur að koma heim um klukkan sex en hún bíður með matinn sem er orðinn kaldur og óætur, til klukkan rúmlega ellefu. Hann skrappr með strákunum á barinn eftir vaktina og ætlaði að láta hana vita, en gerði það ekki.⁶⁸

Það er ekki líklegt að jafnrétti náist í umhverfi þar sem karlar búa við misrétti sem birtist í því að samfélagið samþykkir í raun ekki afstöðu þeirra sem vilja tileinka sér umhyggju karlmennsku, sinna t.d. barnauppleidi og heimilisstörfum til jafns við konur. Karlar hafa almennt ekki hlotið samþykki samfélagsins til að vera heimavinnandi en konur hafa hinsvegar hlotið samþykki til að stunda vinnu utan heimilis. Samhliða þessu hefur samfélagið samþykkt (viðhaldið því) að konur séu heimavinnandi.⁶⁹ Það er ekki þægilegt að horfast í augu við að það sem við lítum á sem jafnrétti sé raunverulega ára kynjajafnréttis. Bæði kynin þurfa að hugsa sinn gang og breyta viðhorfum sínum og takast á hendur breytt hlutverk ef frekari árangur á að nást í kynjajafnrétti. Í bókunum tekst Jodi á við þessi viðkvæmu málefni þar sem áhersla er á siðferðilega erfiðar aðstæður foreldra, sem eru í raun í óbærilegum aðstæðum, þar sem framtíð og líf barna þeirra er í hættu. Hér hefur einungis verið fjallað um þá hlið sem snýr að samspili foreldranna og það hvernig jafnrétti kynjanna á heimilunum verður aðeins ára kynjajafnréttis þegar erfiðleikarnir eru orðnir óbærilega miklir.

Bækur Jodi Picoult má flokka sem kvennabókmenntir og sem kvenrithöfundur hefur hún þurft að mæta ýmsum hindrunum en hún virðist eflast við mótlætið og hefur ljáð jafnréttisbaráttu rödd í bókum sínum. Áhugavert verður að lesa næstu bók hennar þar sem aðalpersónan er Ruth hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir sem verður fyrir kynþáttafordómum í starfi sínu, vegna þess að hún er svört.

⁶⁷ Harrington, B. og fleiri, „The New Dad, Exploring Fatherhood within a Career Context“, 21.

⁶⁸ Picoult, *Brothætt*, 237–39.

⁶⁹ Harrington, B. og fleiri, „The New Dad, Exploring Fatherhood within a Career Context“, 20.

„Það læra börnin sem fyrir þeim er haft“. Þannig hljómar gamalt máltæki sem segja má að sé viðvörðun til okkar sem eldri erum. Ef við viljum að næsta kynslóð njóti meiri lífsgæða en við óháð kyni, hörundslit eða kyngervi gætum við þurft að endurskoða viðhorf og venjur okkar sjálfra, en lykilatriði er að hver og einn byrji á því að líta í eigin barm.

Lokaorð

Niðurstaðan er sú að veikindi og áföll hafa áhrif á jafnrétti kynjanna á heimilinu og í samskiptum hjónanna. Ára kynjajafnréttis er til staðar á heimilinu í öllum sögunum. Engu líkara er en að Charlotte í *Brothætt* losni úr álögum þegar hún finnur aftur sína rödd en það gerist í kjölfar þess að lögfræðingurinn orðar það hversu erfitt hlutskipti hennar er. Sú viðurkenning sem hún fær á þeim fundi minnir á söguna af því þegar veiðimaðurinn opnaði maga úlfsins og hleypti þannig Rauðhettu og ömmu aftur út. Þær voru, eins og Charlotte lifandi en ekki í beinu sambandi við umheiminn fyrr en þær losnuðu úr aðstæðum sem hélt þeim föngrum.

Bækurnar eru skáldsögur og ekki spegill á samfélagið heldur frekar einhverskonar „eftirmynd“ ákveðinna samfélagsbrota. Engu að síður eru hér skýr og einföld dæmi, aðstæður og umhverfi, sem lesandinn getur samsamað sig við þar sem steríótípískar persónur takast á við hvor aðra og sjálfar sig.

Jodi Picoult er rithöfundur sem lætur sig jafnrétti varða. Þó svo að sögurnar séu skrifaðar eftir sömu formúlu, tekst henni að gera fléttuna svo spennandi að lesandinn á erfitt með að láta bókina frá sér fyrr en hún er búin. Eftir sitja svo spurningar og vangaveltur ekki bara um jafnrétti heldur einnig siðferðilegar spurningar og jafnvel endurmat lesandans á eigin viðhorfum.

Margt hefur áunnist í jafnréttismálum en margt er líka óunnið, við þurfum því að vera vakandi og óhrædd við að endurskoða okkar eigin afstöðu. Ef við viljum eiga þátt í því að stuðla að auknu jafnrétti þurfum við að vera næm fyrir umhverfinu og líta öðu hvoru inná við á okkar persónulega áttavita, það sem við viljum láta vísa okkur veginn á meðan við dveljum hér á „Hótel Jörð“.

Heimildaskrá

- Barry, Peter. *Beginning Theory*. 2.útg. Manchester, USA: Manchester University Press, 2002.
- Bostrom, Melissa. *Sex, Race, and Family in Contemporary American Short Stories*. 1.útg. American Literature Readings in the 21st Century. New York, NY: Palgrave Macmillan, 2007.
- Byars, Jackie. *All That Hollywood Allows, Re-Reading Gender in 1950s Melodrama*. 2.útg. London, UK: Taylor & Francis e-Library, 2005.
- Elliott, Karla. „Caring Masculinities: Theorizing an Emerging Concept.“ *Sage Journals, Men and Masculinities*, 19, nr. 3 (2016): 240–59.
- Foucault, Michel. *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafli*. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun HÍ, 2005.
- Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir. *Postulín*. Reykjavík: Salka, 2007.
- Grant, Barry Keith, *The Dread of Difference: Gender and the Horror Film*. 1.útg. Texas Film Studies Series. Austin: University of Texas Press, 1996.
- Guðrún Ansnes. „Karlur þurfa ekkert að óttast.“ *Morgunblaðið*. Júlí 2016.
- Guðrún Egilsson. „Voru þið ekkert hræddar við að verða skotnar?“ *Lesbók Morgunblaðsins*. Október 1980.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. „Styðjandi og mengandi kvennleiki innan áru kynjajafnréttis.“ *Félagsfræðingafélag Íslands, Íslenska þjóðfélagið*, 3 (2012): 5–18.
- Helga Kress. *Máttugar meyjar: Íslensk fornbókmenntasaga*. Reykjavík: Háskóli Íslands, 1993.
- Izard, Carroll E. *The Psychology of Emotions*. New York: Plenum Press, 1991. “Jodi Picoult.com. Heimasiða. *Jodi Picoult.com*, <http://jodipicoult.com/JodiPicoult.html>.

- McHugh, Kathleen Anne. *American Domesticity, From How-To Manual To Hollywood Mellowdrama*. New York: Oxford University Press, 1999.
- Picoult, Jodi. *Á ég að gæta systur minnar*. Þýð. Ingunn Ásdísardóttir. Reykjavík: Skrudda, 2007.
- Picoult, Jodi. *Brothætt*. Þýð. Ásdís Guðnadóttir. Reykjavík: JPV, 2011.
- Picoult, Jodi. *Reglur hússins*. Þýð. Magnea J. Matthíasdóttir. Reykjavík: JPV, 2012.
- Picoult, Jodi. *Sáttmálinn*. Þýð. Magnea J. Matthíasdóttir. Reykjavík: JPV, 2013.
- Princeton University Class Day 2016 - Jodi Picoult '87. May 30, 2016.*
- <https://www.youtube.com/watch?v=IR7DJAdbkWg&feature=youtu.be>.
- Showalter, Elaina. „Femínísk gagnrýni í auðninni.“ Þýð. Vera Júlíusdóttir. *Hugvísindastofnun HÍ*, Ritið, nr. 2 (2010): 41–75.
- Harrington, B., Deussen, F. V. og Ladge, J. „The New Dad, Exploring Fatherhood within a Career Context“.
- Unnur Dís Skaptadóttir. *Ráðstefnurit: Íslenska sögubingið, 28. - 31. maí 1897*. 2. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1998.
- Walters, Suzanna Danuta. *Lives Together/Worlds Apart: Mothers and Daughters in Popular Culture*. Berkeley: University of California Press, 1992.
- Yabroff, Jennie. „Does Jodi Picoult Hurt Literature?“ *Newsweek*, nóvember 2009.
- <http://europe.newsweek.com/does-jodi-picoult-hurt-literature-77445>.